DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2553 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 24. júní 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Humarlistaverk afhjúpað við Hafið bláa í Ölfusi

Á þjóðhátíðardag Íslendinga var afhjúpað tignarlegt listaverk eftir Kjartan B. Sigurðsson sjómann úr Þorlákshöfn. Um er að ræða sex metra langan og mannhæðarháan leturhumar. Verkið ber nafnið „Humar við Hafið“ og var sett upp til heiðurs hetjum hafsins. Listaverkið sjálft stendur við veitingahúsið Hafið bláa sem er við Óseyrarbrú í Ölfusi. Það eru þau Hannes Sigurðsson og Þórhildur Ólafsdóttir á Hrauni í Ölfusi sem hafa veg og vanda að uppsetningu á verkinu. „Þau hafa gengið með hugmyndina í kollinum í mörg ár. Það var svo ákveðið að slá til í vetur og fara af stað með verkið. Við erum ótrúlega hamingjusöm með útkomuna og vonum að fólk eigi eftir að njóta verksins,“ segir Ólafur Hannesson í samtali við Dagskrána. Blaðið sló á þráðinn til Hannesar í Hrauni og spurði hvað hann hefði að segja. Hannes lá ekki á svörum og sagði að verkinu væri fyrst og fremst ætlað að gleðja auga og anda og hann vonar að fólk njóti þess.

Hef ríka þörf fyrir að skapa, segir sjó- og listamaðurinn

Listamaðurinn á bak við verkið er eins og áður sagði Kjartan B. Sigurðsson. Kjartan titlar sig fyrst og fremst sem sjómann en hann segist hafa ríka þörf fyrir að skapa list. „Ég byrjaði fyrir nokkrum árum að hafa þetta sem hobbý að gera list. Ég var með sýningu 2013 í galleríinu hérna í Þorlákshöfn sem heitir „Undir stiganum“. Þar sýndi ég rekaviðardrumba sem ég hafði skorið út í með keðjusög.“ Aðspurður um hans nýjasta verk segir Kjartan:

„Ég byrjaði á verkinu í lok janúar og því lauk endanlega helgina fyrir sautjánda júní. Verkið var unnið þannig að ég mótaði það úr einangrunarplasti til að byrja með en verkið sjálft er úr trefjaplasti.“ Þegar talið berst að því hvort eitthvað sé fram undan í listinni svarar Kjartan: „Það er risastór rekaviðardrumbur hérna heima sem ég þarf að fara að kíkja á bráðum.“ *-gpp*

100 milljónir til hjúkrunarheimilisins Ás í Hveragerði

Heilbrigðisráðherra hefur úthlutað 360 milljónum króna úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Af þeim fjármunum rennur 100 milljón króna framlag til hjúkrunarheimilisins Ás í Hveragerði, en það er hæsti einstaki styrkurinn. Framlagið til Ás er vegna uppbyggingar á nýjum matsal og breytinga á eldhúsi.

Alls voru veittir styrkir til 24 verkefna. Um 250 milljónir króna renna til verkefna sem bæta munu aðbúnað íbúa á hjúkrunarheimilum og laga aðstæður á heimilunum að viðmiðum ráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila. Önnur verkefni snúast um smærri viðhaldsverkefni og endurbætur á húsnæði hjúkrunarheimila víðsvegar um landið. *-gpp*

Sveitarstjóraskipti í Rangárþingi eystra

Lilja Einarsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri Rangárþings eystra frá og með 15. júní 2020. Lilja hefur setið í sveitarstjórn Rangárþings eystra í 10 ár og þar af síðastliðin sex ár sem oddviti. Lilja tekur við starfinu af Antoni Kára Halldórssyni, en þau hafa leitt meirihlutasamstarf í sveitarstjórn síðastliðin 2 ár og hefur samstarfið gengið einkar vel en samstarfssamningur framboðanna gerði ráð fyrir þessum hlutverkaskiptum á þessum tímamótum. Hér á myndinni má sjá hlutverkaskipti Lilju og Antons Kára sem fram fóru á 268. fundi sveitarstjórnar í gær en

Anton Kári Halldórsson og Lilja Einarsdóttir.

þar var Anton Kári kjörinn oddviti sveitarstjórnar Rangárþings eystra og Elín Fríða Sigurðardóttir, varaoddviti.

Nýir fulltrúar í byggðarráði eru: Rafn Bergsson, Anton Kári Halldórsson og Christiane L. Bahner.

VIÐ EIGUM EINS ÁRS AFMÆLI!

Þann 21. júní sl. var liðið eitt ár frá opnun Apóteks Suðurlands á Selfossi.

Við þökkum fyrir skemmtilegt ár og hlökkum til að sjá ykkur.

Starfsfólk Apóteks Suðurlands Selfossi

Í tilefni afmælisins verður **20% afsláttur** af eftirtöldum vörum vikuna 29. júní til 6. júlí.

NOW vítamínum

Curaprox tannvörum

Hawaiian Tropic sólarvörn

Miðvikudaginn 1. júlí verður kynning á Artdeco snyrtivörum og 20% afsláttur.

ARTDECO

APÓTEK SUÐURLANDS

Austurvegi 26, 800 Selfoss - Sími 482 1182 - apotek@apoteksudurlands.is - www.apoteksudurlands.is

UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768

UNDRALAGNIR@GMAIL.COM

JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI

Gróðurskemmdir eftir vélsleðaakstur

Í eftirlitsferð landvarða að Fjallabaki komu í ljós ljót för eftir vélsleða sem hefur verið ekið á mosagrónu svæði við mörk Friðlandsins að Fjallabaki. Ekki er algengt að sjá skemmdir á landi eða gróðri eftir vélsleða, en eins og með önnur vélknúin ökutæki flokkast það sem ólöglegur utanvegaaksur. Eins og myndirnar sýna þá er um að ræða skemmdir á mosagrónu svæði sem getur tekið tugi ára að gróa ef ekki er gripið inn í og lagfært. Umhverfisstofnun bendir á að þegar ekið er á snævi þakinni jörð, þá þarf að vera tryggt að snjóþekjan sé traust. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 31. gr. segir: „ Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi að jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum.“ Ávallt skal hafa í huga 6. gr. náttúruverndarlaga sem fjallar um aðgæsluskyldu, í umgengni um náttúru Íslands, en þar segir: „Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“

Einfaldara sumarfrí

Gunna Stella

Það er komið sumar,
sól í heiði skín.
Vetur burtu farinn,
tilveran er fín.

Svo hljómar brot úr laginu *„Það er komið sumar“* eftir Magnús Eiríksson. Þetta sumar er öðruvísi en flest önnur undanfarin ár. Í ár eru Íslendingar lítið á faraldsfæti erlendis og lítið um erlenda ferðamenn innanlands. Íslendingar sjá því fyrir sér að nýta þetta sumar vel og njóta landsins okkar fagra. Ég er mjög hrifin af þeirri hugsun. Ég hlakka sjálf til að ferðast um landið, njóta sólarinnar og samvista við fólkið mitt. Nú er komið sumarfrí í skólum og styttist í að leikskólar fari í frí og því líklegt að margir verði í sumarfríi í júlí. Flestir upplifa spenning gagnvart því að komast í frí og langar að gera margt og mikið. Það er samt mikilvægt að muna að gera hluti sem hlaða andlega og líkamlega heilsu þannig að þú komir ekki útkeyrð/ur heldur endurnærð/ur aftur til vinnu. Þegar þú þarft að taka tillit til fjjölskyldu þinnar þá er góð regla að spyrja fjölskyldumeðlimi hvað þá langar að gera. Börn eru yfirleitt ekki að biðja um flókna hluti. Þau þrá samveru við fjölskyldu sína og foreldra og vilja í flestum tilfellum hreyfingu, útiveru, leika við vini sína og fá sér stöku ís þegar sólin skín. Þegar ég spurði börnin mín hvað þau langaði að gera í sumar þá var svarið einfalt: Þau vildu fara í sund, útilegu og að veiða. Það verður auðvelt að verða við því. Stundum viljum við festast í þeim vítahring að gera of mikil plön. Þú ætlar jafnvel að gera „allt“ í sumarfríinu. Það er svo mikilvægt að láta ekki hraðann ná yfirhöndinni og læra að njóta hvers dags. Líka daganna heima. Dagarnir heima geta verið skemmtilegir. Það er hægt að njóta þess að vera í garðinum, fara í sund, fara í hjólaferðir, gönguferðir, einfaldar fjallaferðir, fara í fjöruna og heimsækja ættingja og vini. Þú ert ekki að missa af öllu þó svo þú sért ekki stanslaust á faraldsfæti eða með flottustu ferðamyndirnar inni á Instagram. Einfalt er gott og einfalt er yfirleitt betra. Við fjölskyldan ætlum í útilegu í sumar en við vitum ekki hvert við ætlum að fara. Við ætlum að láta veðrið ráða því. Við ætlum líka í dagsferðir á Suðurlandi þar sem við búum. Við ætlum að njóta útiveru og samvista hvert með öðru. Við ætlum líka að eyða góðum tíma í garðinum.

Borða grænmetið sem er að vaxa í grænmetiskassanum, reita arfa, fara í sund og drekka marga kaffibolla með vonandi sem flestum ættingjum og vinum. Við vonum að sólin muni skína mikið og við munum lára listina að vera og njóta. Það er gott að muna síðasta erindið í laginu „Það er komið sumar“.

Ekki láta aðra svekkja þig,
það verður hver að hugsa um sjálfan sig.
Kominn tími til að lifna við og lifa sumarið.

Í þessu eins og öðru skiptir máli að bera lífið sitt ekki saman við líf annarra. Þú hefur val um að eiga gott sumar og góða daga. Ég hvet þig því til að taka upp blað og penna, halda fjölskyldufund og ræða við fólkið þitt um hvað það sér fyrir sér að gera í sumar. Þarf það að vera flókið? Örugglega ekki.

Með von um að þú eigir einfalt og gott sumarfrí,
Gunna Stella.

BYKO
SUMAR
ÚTSALAN
Hefst 25. júní
Allt að 50% afsláttur!
Skoðaðu öll tilboðin á byko.is 25. júní
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Auðvelt að versla á byko.is

Bókakaffið kemur í borgina

Bókakaffið á Selfossi teygir arma sína yfir heiðina að minnsta kosti fram yfir verslunarmannahelgi samkvæmt fregnum úr herbúðum Bókakaffisins. Á þriðjudaginn 16. júní sl. klukkan 13 var opnaður bókamarkaður í Ármúla 42 í Reykjavík. Á boðstólum eru þúsundir bókatitla á einum stað. Bækurnar koma frá fornbókabúðinni okkar og forlaginu Sæmundi, en einnig má finna þarna bækur frá helstu forlögum sunnan heiða. Heitt á könnunni og notaleg bókastemning fyrir unnendur bóka. Opið er sex daga vikunnar frá kl. 13 til 18.

-gpp

Samhentir íbúar á Austurveginum

Kjartan Björnsson, rakari, er venju samkvæmt frekar víðförull um heimabæinn Selfoss og hittir marga á ferðum sínum. Hann tekur gjarna myndir af því sem fyrir augu ber og birtir á Facebook-síðu sinni. Hann sendi okkur myndir af stórglæsilegri aðstöðu íbúa í Pálmatrésblokkunum svokölluðu. Þar búa kraftmiklir íbúar en í frásögn Kjartans kemur fram að íbúarnir hafi tekið sig saman og smíðað bekki, blómagrindur og fleira. Það var forystumaður húsfélagsins, Ásgeir Valdimarsson sem leiddi hópinn en margir innan raða íbúanna eru mikið handverksfólk. Íbúarnir eru allir sem einn áhugasamir um að hafa umhverfið snyrtilegt og tekst það með glæsibrag. „Ég óska þeim til hamingju með framtakið. Þetta er virkilega fallegt og vel gert," segir Kjartan í samtali við Dagskrána.

-gpp

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Garðar Guðmundsson.**

Takk fyrir áskoruninna Svava. Ég ætla að fara algjörlega í öfuga átt við Svövu og gefa uppskrift að sælkerapylsum sem er algjörlega ólöglegt að fara með út af lögbýlinu og má alls ekki selja.
Uppskriftin er svona:

10 kg hakkað nautakjöt (heimaslátrað)
2-3 kg lambamör (heimaslátrað)
150 g gróft salt
150 g nitritsalt
1 bolli sykur

Öllu hrært saman og sett í langa, helst hrosslanga, af heimaslátruðu. Þá er þetta hengt upp í reykkofa og reykt við sauðatað, í um það bil einn sólarhring, fer eftir veðri. Það skiptir öllu máli að reykurinn sé réttur og hæfilega langur. Ég er vanur að elda þetta þannig að ég set sælkerapylsuna í pottinn og kartöflur með. Þegar kartöflurnar eru soðnar er sælkerapylsan tilbúin.Gott er að hafa með þessu hvíta sósu, rauðkál og grænar baunir. Þið passið það að það er bannað að fara með þetta út af landareigninni og það er glæpsamlegt að selja þetta en þú mátt gefa með þér heima.

Ef pláss er eftir væri gott að fá sér smá ís. Læt fylgja með tillögu.

½ ltr. rjómi
4 egg
4 matsk. sykur
2 tesk. vanilludropar

Rjóminn er létt þeyttur, sykur og egg þeytt saman og síðan öllu blandað saman og vanilludropum bætt í, síðan sett í form og fryst.

Ég skora á systur mína, Jónu á Kirkjulæk, að vera næsti matgæðingur. Þar verður ekki komið að tómum kofanum; annáluð matar- og kaffihlaðborð alla daga.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Örugg leið að Litla-Hrauni

Litla-Hraun og nýja gangbrautin.

Fangelsið að Litla-Hrauni á Eyrarbakka hóf starfsemi þann 8. mars 1929 í húsi sem Eyrbekkingurinn og húsameistari ríkisins Guðjón Samúelsson (1887 – 1950) teiknaði í upphafi sem sjúkrahús. Á síðasta ári var 90 ára afmælis starfseminnar að Litla-Hrauni minnst með ýmsum hætti en þar er nú starfrækt stærsta fangelsi landsins.

Meðal þess sem tengdist 90 ára afmæli Litla-Hrauns á síðasta ári var að Sveitarfélagið Árborg stóð fyrir lagningu veglegrar og öruggrar gangbrautar frá Merkisteini að Litla-Hrauni en fram að því hafði ekki verið gangbraut frá Heiðdalshúsi að Litla-Hrauni. Þessari framkvæmd lauk þann 8. júní sl. og er nú öryggi Eyrbekkinga á þessari leið til vinnu á Litla-Hrauni eins gott og frekast getur orðið.

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi, sem er samafl brottfluttra Vestfirðinga og heimamanna á Suðurlandi, hefur barist fyrir framkvæmdinni í áratug og vill á þessari stundu þakka Sveitarfélaginu Árborg hin farsælu framkvæmdalok gangbrautarinnar að Litla-Hrauni. Þess má geta að Tryggvi Ágústsson, staðgengill forstöðumanns á Litla-Hrauni, hefur gefið gangbrautinni nafnið *Skáldastígur.*

Glaðir allir með göngu-braut
geislar fylla vanga.
Sigur er með þrjósku´ og þraut
þannig málin ganga.

Björn Ingi Bjarnason, forseti Hrútavinafél. Örvars.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Jólaböggli í ég er.
Yfir borðstokkinn ég fer.
Óvelkomna ég mig finn.
Árar mínar legg ég inn.

Svar við gátu í blaði 2552: DÚFA.
1. lína: Sveinn-dúfa 2.lína: Bréf-dúfa
3. lína: Friðar-dúfa 4. lína: Heimilis-dúfa

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

TAX FREE*

af öllum vörum

HÚSASMIÐJAN blómaval

Fimmtudaginn 25. júní

Einnig
TAX FREE
Föstudag til laugardags
af öllum sumarblómum og garðplöntum

*Gildir ekki af vörum í timbursölu, Weber grillum, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

82%
Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Boggugarðar

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Erum á Facebook

Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRÆÐINGUR
Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is
Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Guðjóns Gestssonar
Stekkholti 30, Selfossi,

sem lést 1. júní síðastliðinn.

Rannveig J. Einarsdóttir
Rúnar Guðjónsson
Ingunn Guðjónsdóttir
Gestur Guðjónsson **Aðalbjörg Eggertsdóttir**
og barnabörn

17. júní í Árborg heppnaðist einstaklega vel í góðu veðri

Á sautjándanum var venju samkvæmt fagnað víða um land. Í ljósi aðstæðna var hátíðardagskránni í Árborg þó breytt og hún með því sniði að henni var dreift um bæinn og skipt milli aldurshópa. Það var mat flestra að tekist hefði að halda samkomunum innan leyfilegra fjöldatakmarkana með þessum hætti. Ákveðið var að hafa Sundhöllina á Selfossi opna en þar var sundlaugar diskótek sem mæltist vel fyrir, enda blíðskaparveður. Tónleikar, barnaskemmtun, sigling á Ölfusá og stórskemmtileg dagskrá eldriborgara er meðal þess sem mátti finna á dagskránni. Allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi á dagskránni sem þótti einstaklega vel heppnuð ef marka má umræður á íbúasíðum sveitarfélagsins. *-gpp*

Viðbragðsaðilar í Árborg með sýningu á þjóðhátíðardaginn

Á þjóðhátíðardaginn varð „stórbruni“ á bílaplaninu við Björgunarmiðstöðina á Selfossi. Kviknað hafði í íbúð sem tveir voru í og mikinn reyk lagði frá gluggum og dyrum. Allt var þetta þó hluti af sýningu sem viðbragðsaðilar á Suðurlandi stóðu saman að. Reykurinn var skaðlaus með öllu en hann kom úr reykvél sem búið var að koma fyrir innandyra í æfingagámi Brunavarna Árnessýslu.

Samhent fólk sem vant er að vinna saman sem ein heild

Fyrstu aðilar á vettvang voru lögreglumenn frá lögreglunni á Suðurlandi. Þeir brutu rúðu og beittu slökkvitæki ásamt því að bjarga einum út um gluggann sem ekki hafði komist út af sjálfsdáðum. Honum var komið í öruggt skjól. Því næst dreif að sjúkrabíl og slökkviliðsbíl. Undir eins gerði sjúkrabíllinn sig kláran með sinn búnað og slökkviliðið braust inn um læstar dyr og bjargaði æfingadúkku úr aðstæðunum. Um leið og hún var komin undir bert loft tók sjúkraflutningafólk við að beita endurlífgun. Það fór svo að lokum að dúkkan rankaði við sér og lifði af. Það sást berlega í fumlausum viðbrögðum aðilanna allra að þeir vinna saman á vettvangi sem ein heild og vel smurð vél. Almennt má segja að innan raða viðbragðsaðila sé gríðarlega vel þjálfað og öflugt fólk í viðbragðsþjónustu fyrir samfélagið. *-gpp*

Margir lögðu leið sína til að fylgjast með sýningu björgunaraðila.

Vettvangsstjóri fylgist grannt með.

Lögreglan fyrst á vettvang.

Lögreglan sinnir fórnarlambi brunans.

Slökkvilið ræðst á eldinn áður en dúkkunni er bjargað.

Sjúkraflutningafólk hlúir að hinum slasaða.

Hinn slasaði á leið í sjúkrabílinn.

Björgunaraðilar stilltu sér upp að sýningu lokinni.

Stracta Hótel leitar að öflugu starfsfólki í hópinn

STRACTA HÓTEL

Störf við gestamóttöku og næturvörslu, matreiðslu og þjónustu á veitingastað.

Hlutastörf og framtíðarstörf í boði.

Við leitum að jákvæðum þjónustulunduðum einstaklingum sem eru sérstaklega góðir í mannlegum samskiptum, eru lausnamiðaðir og sjálfstæðir í vinnubrögðum.

- Reynsla af þjónustustörfum er æskileg
- Góð íslensku- og enkukunnátta skilyrði Önnur tungumál er kostur
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg og önnur tækniþekking er kostur
- Þekking á dk-hugbúnaði og Godo bókunarkerfi er kostur
- Áhugi og þekking á sögu og náttúru Íslands

Öllum umsóknum verður svarað.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á Hreiðar Hermannsson, hótelstjóra á netfangið hreidar@stractahotels.is

ÚTBOÐ

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

Útboð Vorsabær – júní 2020

Verklok eru 15.10.2020

Verkið felur í sér frágang á nýrri götu, Vorsabær þ.e. að leggja út styrktarlag, jafna og þjappa þar sem vantar í, sem er einkum til endanna. Leggja út jöfnunarlag (burðarlag) jafna og þjappa og malbika svo alla götuna og botnlangann. Steypa kantsteina og skila allri götunni og lóðum byggingarhæfum. Auk þess skal undirbyggja og malbika gangstíg norðan götunnar og einnig undirbyggja og leggja grasþökur á milli götu og gangstígs. Verkið felur einnig í sér að setja upp ljósastaura og fullgera götulýsingu.

Helstu magntölur eru:

Fylling óflokkað efni (undir gras)	430 m^3
Styrktarlag (+ jöfnun og þjöppun)	1920 m^3
Burðarlag (+ jöfnun og þjöppun)	270 m^3
Malbik götur Y11	4340 m^2
Malbik göngustígar Y8	750 m^2
Vélsteyptur kantsteinn	1030 m
Þökulagnir	540 m^2

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 22.06.2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Rúnar hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið runar.fridgeirsson@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 8. júlí 2020, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingarfulltrúinn í Hveragerði

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Systkinin Hulda Dís og Haukur leikmenn ársins

Verðlaunahafar á lokahófinu ásamt þjálfurum. F.v. Örn Þrastarson (þjálfari/100 leikir), Grímur Hergeirsson (þjálfari/100 leikir), Grímur Bjarndal Einarsson (U-lið), Ari Sverrir Magnússon (U-lið), Tryggvi Þórisson (efnilegasti leikmaður), Katla María Magnúsdóttir (sóknarmaður ársins), Hergeir Grímsson (baráttubikarinn), Hulda Dís (leikmaður ársins), Haukur (leikmaður ársins/100 leikir), Henriette Östergaard (baráttubikarinn), Árni Geir Hilmarsson (þjálfari) og Árni Þór (félagi ársins). Ljósmyndir: Umf. Selfoss/Árni Þór Grétarsson

HANDBOLTI Lokahóf handknattleiksdeildar Selfoss fór fram með mikilli viðhöfn á Hótel Selfossi á laugardag. Veitt voru verðlaun fyrir árangur leikmanna í meistaraflokkum karla og kvenna ásamt ungmennaliði Selfoss.

Systkinin Hulda Dís Þrastardóttir og Haukur Þrastarson voru valin leikmenn ársins, Árni Þór Grétarsson var útnefndur félagi ársins ásamt því að fjöldi viðurkenninga var veittur m.a. fyrir 100 spilaða eða þjálfaða leiki fyrir félagið.

Upplýsingar um alla verðlaunahafa á lokahófinu má finna á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Árni Þór var útnefndur félagi ársins en hann hefur lagt blóð, svita og tár í starf deildarinnar undanfarin ár.

Systkinin Hulda Dís og Haukur voru valin leikmenn ársins en þau eru frábærar fyrirmyndir bæði innan vallar og utan. Við óskum þeim til hamingju með útnefninguna.

Ærslabelgurinn á Hellu er strax orðinn vinsæll

Búið er að setja upp ærslabelg á Hellu. Belgurinn er staðsettur á útivistarsvæðinu í Nesi og virðist hann nú þegar vera farinn að afla sér vinsælda. Hann er ætlaður öllum sem hafa gaman af því að hoppa og leika sér, ungum sem öldnum. Þeim, sem ætla sér að hoppa og skoppa á belgnum, er bent á að kynna sér reglur um notkun hans svo forðast megi slys. Annars er ekkert að vanbúnaði að henda sér á belginn og hoppa á honum sér til heilsubótar og ánægju. *-gpp*

Þjóðhátíðarþrenna hjá Tokic

KNATTSPYRNA Selfyssingar hófu Íslandsmótið í knattspyrnu með góðum 3-4 sigri á útivelli gegn Kára á Akranesi á þjóðhátíðardaginn. Það var afmælisbarnið Hrvoje Tokic sem stal senunni með því að skora þrennu í leiknum. Kenan Turudija skoraði fjórða markið þegar hann kom Selfyssingum í 1-2 sem var jafnframt staðan í hálfleik.

Næsti leikur strákanna okkar er á JÁVERK-vellinum laugardaginn 27. júlí þegar þeir taka á móti Njarðvík og hefst leikurinn kl. 14:00.

Hrvoje Tokic fékk áritaðan bolta frá liðsfélögum sínum í tilefni dagsins. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Níu Selfyssingar æfa með yngri landsliðum

HANDBOLTI Yngri landslið HSÍ koma saman til æfinga eins og jafnan á þessum tíma árs. Selfyssingar eiga níu fulltrúa í æfingahópum U-16 ára landsliðs karla og kvenna og U-18 ára landsliðs kvenna.

U-16 kvenna
Hugrún Tinna Róbertsdóttir
Lena Ósk Jónsdóttir
Tinna Sigurrós Traustadóttir

U-16 karla
Daníel Þór Reynisson
Einar Gunnar Gunnlaugsson
Gabríel Ágústsson
Hans Jörgen Ólafsson
Sæþór Atlason

U-18 kvenna
Hólmfríður Arna Steinsdóttir

Selfoss á fimm leikmenn í U-16 ára landsliði pilta sem æfir á fullu allar helgar í júní. Þetta eru þeir Hans Jörgen miðjumaður, Sæþór örvhentur hornamaður, Einar Gunnar markvörður, Gabríel rétthent skytta og Daníel Þór örvhent skytta. Þeir eru allir hluti af hinum ógnarsterka 2004 árgangi sem er að fara í handboltaakademíu FSu í haust. Ljósmynd: Umf. Selfoss/

Selfyssingar stigalausir

KNATTSPYRNA Selfoss er án stiga í Pepsi Max - deildinni eftir tap á heimavelli gegn Breiðabliki í seinustu viku.

Þrátt fyrir að stjórna leiknum á löngum köflum voru það gestirnir sem skoruðu bæði mörk leiksins eftir löng innköst og at í vítateig Selfyssinga. Fyrra markið í upphafi leiks og það seinna rétt undir leikslok.

Næsti leikur hjá stelpunum okkar var á útivelli gegn FH í gær en því næst sækja þær Stjörnuna heim í Garðabæ miðvikudaginn 1. júlí.

Íþróttamaður USVS 2019 er Birna Sólveig Kristófersdóttir

Sunnudaginn 14. júní 2020 var haldið 50. ársþing USVS. Á ársþinginu voru tveir tilnefndir sem íþróttamenn ársins, það voru Birna Sólveig Kristófersdóttir frá Ungmennafélaginu Kötlu og Vilborg Smáradóttir Hestamannafélaginu Sindra. Birna Sólveig fékk svo titilinn Íþróttamaður USVS 2019. USVS óskar henni til hamingju með titilinn. Sjá fleiri fréttir af ársþingi USVS á Facebook-síðu þeirra.

Selfoss vann stigakeppnina á aldursflokkamóti HSK

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR 110 keppendur frá níu félögum tóku þátt í HSK-mótunum í frjálsum fyrir keppendur 11 ára og yngri sem haldin voru í Þorlákshöfn 14. júní sl.

Á Héraðsleikum 10 ára og yngri var ekki keppt til stiga og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Selfoss vann stigakeppnina á Aldursflokkamóti 11 – 14 ára örugglega, hlaut samtals 590,5 stig. Keppendur Heklu og Garps kepptu saman og varð lið þeirra í öðru sæti með 204 stig og Hrunamenn í 3. sæti með 117,5 stig.

Kristófer Árni Jónsson Heklu og Veigar Þór Víðisson Garpi unnu báðir sex greinar á mótinu og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Selfossi vann fimm gullverðlaun.

Engin HSK-met féllu á mótinu, en fjölmargir voru að bæta sinn persónulega árangur. Heildarúrslit má sjá á www.fri.is.

Myndir: sunnlenska.is/GK

Hópmyndin er af sigurliði Umf. Selfoss á aldursflokkamótinu.

JÁVERK-völlurinn

UMF SELFOSS 1936

Laugardaginn kl 14:00

2. deild karla

Sumarlokun

Skrifstofa **FOSS** verður lokuð 6. júlí – 3. ágúst. Opnum aftur þriðjudaginn 4. ágúst.

Minnum alla á að ná sér í útilegukort, veiðikort eða afsláttarmiða í Kraumu fyrir lokun.

Gleðilegt sumar.

FOSS

Auglýsing um kjörstað vegna forsetakosninga í Sveitarfélaginu Ölfusi

Kjörfundur vegna forsetakosninganna laugardaginn 27. júní nk. verður í **Grunnskólanum í Þorlákshöfn**, Egilsbraut 35.

Athugið breytta staðsetningu frá því sem áður hefur verið.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Vakin er athygli á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss

Sveitarfélagið ÁRBORG

Umhverfisverðlaun Árborgar 2020

Umhverfisnefnd Svf. Árborgar óskar eftir tilnefningum frá íbúum um snyrtilega garða og fallegustu götu í Árborg og vel um gengin fyrirtæki og atvinnurekstur. Verðlaun fyrir framúrskarandi snyrtimennsku og metnað fyrir umhverfi og náttúru, verða veitt eins og undanfarin ár á bæjarhátíðinni Sumar á Selfossi helgina 6.-9. ágúst nk.

Sveitarfélagið Árborg tekur við ábendingum frá íbúum til 20. júlí næstkomandi í gegnum póstfangið thonustumidstod@arborg.is eða í gegnum þjónustuverið í síma 480 1900.

Visit Hvolsvöllur er ný heimasíða fyrir ferðaþjónustu í Rangárþingi eystra

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti í vor að bregðast við því ástandi sem Covid -19 hefur á ferðaþjónustugreinina í sveitarfélaginu með því að hrinda í framkvæmd ferðamálastefnu sveitarfélagsins af miklum krafti. Sérstök áhersla er lögð á tvo þætti stefnunnar þ.e. aðgengi, fegrun og fjölgun áfangastaða og markaðs- og kynningarvinnu fyrir greinina. Í sveitarfélaginu eru gríðarlega margir og fjölbreyttir áfangastaðir allt frá svartri fjöru í Landeyjum að jöklum, fossum, hellum og Suðurhálendinu. Auk þess er einn merkasti menningararfur landsins að finna á Byggðasafninu í Skógum, en þar er auk byggðasafnsins, húsa- og samgöngusafn.

Rangárþing eystra er gullnáma fyrir náttúruunnendur og viljum við með nýrri heimasíðu (https://www.visithvolsvollur.is/) draga fram það helsta sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Í sveitarfélaginu er mikill fjöldi af ferðaþjónustufyrirtækjum sem bjóða nú upp á skemmtileg tilboð í afþreyingu, gistingu og mat, auk þess sem sum þeirra hafa sérsniðið tilboð og þjónustu fyrir Íslendinga. Á síðunni er mikið magn af upplýsingum þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Visithvolsvollur.is, nýja heimasíðan fyrir ferðaþjónustu í Rangárþingi eystra, var opnuð formlega á fundi sveitarstjórnar þann 15. júní sl.



Ragnhildur hefur saumað glæsilega þjóðbúninga á alla stórfjölskylduna

Ragnhildur Birna Jónsdóttir, Hvolsvellingur í húð og hár, hefur saumað sjö þjóðbúninga á síðustu fjórum árum samhliða fullri vinnu. Einnig hefur hún endurgert fjöldann allan af þjóðbúningum frá forfeðrum sínum. Staðan er því sú í dag að flestir fjölskyldumeðlimir, ásamt góðum vinum hafa fengið búninga. Í tilefni af þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga, klæddi stórfjölskylda Ragnhildar sig upp í þjóðbúninga sem hún hafði farið höndum um.

Það eru aðeins 4 ár síðan Ragnhildur byrjaði að sauma, og kom það til vegna útskriftar yngri dóttur hennar. Dótturina langaði að útskrifast í upphlut sem móðuramma hennar átti hér áður fyrr og þurfti talsverða lagfæringu til að hún gæti notað búninginn. Ragnhildur leitaði til „Annríki- Þjóðbúningar og skart“ sem sérhæfir sig í Þjóðbúningum og fékk þar aðstoð og kennslu til að sauma, breyta og laga.

Eftir það vaknaði áhugi um sögu og þjóðbúninga og sótti hún hvert námskeiðið á fætur öðru sem í boði var hjá þeim og saumaði hún meðal annars skautbúning á eldri dóttur sína og svo tvo herrabúninga á son og tengdason.

Margir af fallegu barnabúningunum sem Ragnhildur hefur gert eru prjónaðir. Að hennar sögn henta þeir vel á yngstu börnin þar sem þau stækka hratt og auðveldara er að þvo þá. Að sögn Ragnhildar er hún afskaplega ánægð með hvað fjölskylda hennar og vinir hafa tekið áhugamálinu vel og eru ávallt tilbúin að klæða sig í sitt fínasta tau við hin ýmsu tilefni. Á myndinni, sem tekin var 17. júní, er Ragnhildur ásamt fjölskyldu og vinum í fallegum þjóðbúningum.

Sveitarfélagið ÁRBORG

KJÖRSTAÐUR Á SELFOSSI

Kjörstaður á Selfossi verður í austurrými Vallaskóla samanber meðfylgjandi mynd. Athugið að útgangur og inngangur verður ekki sá sami.



INN OG ÚTGANGAR Á KJÖRSTAÐ

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um kjörfund vegna forsetakosninga í Sveitarfélaginu Árborg

Kjörstaður í Vallaskóla austurhluta

Kjörfundur vegna forsetakosninga í Sveitarfélaginu Árborg verður haldinn **laugardaginn 27. júní 2020.**

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og honum lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sex kjördeildum í sveitarfélaginu. Skipt er í kjördeildir eftir búsetu kjósenda.

1
Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
Kjördeild I
Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum A-E.
Óstaðsettir í hús í Sveitarfélaginu Árborg.

2
Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
Kjördeild II
Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum F-H.

3
Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
Kjördeild III
Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum J-R.
Fyrir kjósendur búsetta í Tjarnabyggð, í húsum sem ekki hafa götuheiti á Selfossi og í dreifbýli við Selfoss.

4
Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
Kjördeild IV
Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum S-Þ.

5
Staður Eyrarbakka
Kjördeild V
Fyrir kjósendur búsetta á Eyrarbakka og í dreifbýli við Eyrarbakka.

6
Grunnskólinn á Stokkseyri
Kjördeild VI
Fyrir kjósendur búsetta á Stokkseyri og í dreifbýli við Stokkseyri.

Kjósendur geta kannað á vefslóðinni *www.kosning.is* hvort og þá hvar þeir eru á kjörskrá í Sveitarfélaginu Árborg.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi, sími: 480 5852.

Selfossi, 22. júní 2020
Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar
Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir
Bogi Karlsson

Umsjónarlæknar sjúkraflutninga

Innan Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) fer fram öflugt starf sjúkraflutninga en stofnunin ber ábyrgð á öllum sjúkraflutningum um allt Suðurland. Í sjúkraflutningum starfa sjálfstæðar fagstéttir, en auk þeirra er einnig þörf á læknisfræðilegri forsjá yfir bráðaþjónustu og sjúkraflutningum vegna lyfjagjafa og sérhæfðra inngripa sem fylgja þjónustunni. Samkvæmt reglugerð nr. 262/2011 hafa verið skipaðir umsjónarlæknar í hverju heilbrigðisumdæmi til að fara með læknisfræðilega ábyrgð sjúkraflutninga. Oft og tíðum hefur það komið í hlut framkvæmdastjóra lækninga viðkomandi heilbrigðisstofnana að sinna þessu hlutverki, en þeir hafa á sama tíma mörg önnur ábyrgðarhlutverk og því oft lítinn tíma til að sinna þessum málaflokki. Í ljósi þessa hefur HSU ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni til reynslu í eitt ár en verkefnið felur í sér að vera með sérstaka umsjónarlækna sjúkraflutninga innan HSU. Jóhann Már Ævarsson og Steinþór Runólfsson stýra verkefninu og verða umsjónarlæknar á umræddu tímabili sem nær frá 15. júní 2020 til 30. júní 2021. Verkefni umsjónarlækna verður m.a. í formi þess að skerpa á og samræma skriflegar leiðbeiningar (vinnuferlar) og veita beinan stuðning. Reglulega koma upp atvik og aðstæður þar sem skriflegar leiðbeiningar ná ekki til og getur því þurft að leita eftir ráðgjöf og heimild læknis. Umsjónarlæknar verða í góðu samstarfi við framkvæmdastjóra lækninga og yfirlækni bráðaþjónustu.

Í átt að betri þjónustu

Stórt og langþráð skref í átt að bættri þjónustu við þá fjölmörgu sem sækja Ölfusdal heim hefur verið stigið af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar. Á fundi bæjarráðs þann 18. júní var samþykktur samningur við Reykjadalsfélagið sem byggir nú þjónustuhús á Árhólmum en lóðir þar voru auglýstar til úthlutunar með forsendum um byggingu þjónustuhúss árið 2016.

Þessi staður er vinsælt upphaf að göngu inn í Reykjadal þar sem heitur baðlækurinn hefur mikið aðdráttarafl. Fyrir liggur að gestafjöldi á svæðinu hefur stóraukist á undanförnum árum og er nú vel á annað hundrað þúsund árlega.

Starfshópur um uppbyggingu í Reykjadal í góðri samvinnu við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða hefur unnið gott og mikilvægt starf við uppbyggingu göngustíga inn Reykjadal og við uppbyggingu aðstöðu við baðlækinn. Þrátt fyrir það er enn engin boðleg salernisaðstaða á svæðinu fyrir þennan stóra hóp, ekkert afdrep og lítil sem engin upplýsingagjöf. Hveragerðisbær hefur þar til í sumar greitt fyrir kamra og borgað allar rekstrarvörur salerna við bílastæði á Árhólmum án þess að nokkrar tekjur hafi komið á móti. Einnig hefur bæjarfélagið borið allan kostnað af sorpi, hirðu þess og förgun frá sama stað.

Allir bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar samþykktu við gerð fjárhagsáætlunar uppbyggingu bílastæðis á Árhólmum og að gjaldtaka muni þar eiga sér stað til að fjármagna þjónustu og uppbyggingu. Bæjarstjórn hefur nú samþykkt að greiða Reykjadalsfélaginu rétt tæplega kr. 50.000,- á dag (1.450.000,- á mánuði) fyrir aðstöðu og þjónustu. Fyrir þá upphæð mun félagið m.a. útvega fjölda salerna, sjá um þrif þeirra, innkaup á rekstrarvörum, alla meðhöndlun sorps, upplýsingagjöf og umhirðu á svæðinu. Mun gjaldið verða fjármagnað af bílastæðagjöldum en þar munu jafnframt skapast tekjur sem nýst geta í önnur þörf uppbyggingarverkefni á svæðinu.

Það er ljóst að gjaldtaka er forsenda uppbyggingar en ekki er eðlilegt að almennar tekjur Hveragerðisbæjar haldi áfram að greiða fyrir þessa þjónustu án þess að tekjur komi á móti.

Allra mikilvægast er þó að gestir geti notið þjónustu eins og aðgengi að boðlegum salernum og að séð verði til þess að þjónusta og umhverfi bílastæða og á Árhólmum almennt sé öllum til sóma.

Það er trú okkar að með þessum samningi sé stigið gott skref í átt að enn betra umhverfi og að uppbygging á Árhólmum komist nú á þann skrið sem við öll höfum lengi óskað eftir.

F. h. meirihluta D-listans
Eyþór H. Ólafsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Aldís Hafsteinsdóttir

Nýr sérfræðilæknir á HSU Selfossi

Guðmundur Jóhannsson sérfræðingur í lyflækningum og bráðalækningum hefur hafið störf á lyflækningadeild og bráðamóttökunni á Selfossi.

Guðmundur útskrifaðist úr læknadeild HÍ árið 2005 og hlaut almennt lækningaleyfi árið 2006 að loknu kandidatsári á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þar starfaði Guðmundur áfram sem deildarlæknir á lyflækningadeild í tæpt ár þar til að hann hóf nám í lyf- og bráðalækningum við Háskólasjúkrahúsið í Lundi.

Hann hlaut íslenska sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum haustið 2012 og í bráðalækningum 2013.

Haustið 2012 hóf Guðmundur störf sem sérfræðingur á bráðamóttöku LSH og starfaði þar með hléum þar til nú í vor að hann lét af störfum og hóf störf sem sérfræðingur á lyflækningadeild HSU.

Guðmundur hefur samhliða námi og öðrum störfum reglulega unnið við afleysingar í heilsugæslu víðs vegar á landsbyggðinni en undanfarin 2 ár hefur hann unnið reglulega á heilsugæslunni í Rangárþingi. Hann hefur einnig haft sérstakan áhuga á lífsstílssjúkdómum, efnaskiptum og offitu og var hann með reglulega móttöku fyrir einstaklinga með lífsstílssjúkdóma í Heilsuborg frá árinu 2019-2020, eða þar til starfsemi stöðvarinnar var lögð niður. Að auki hefur hann tekið þátt í skipulagningu ráðstefna og talað á málþingum um lífsstílstengd málefni.

Tilraunaverkefni um heimaslátrun hefst í haust

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi á Straumi í Hróarstungu og formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, undirrituðu í dag samkomulag um tilraunaverkefni um heimaslátrun. Markmið verkefnisins er að leita leiða til þess að auðvelda bændum að slátra sauðfé heima til markaðssetningar þannig að uppfyllt séu skilyrði regluverks um matvælaöryggi og gætt sé að dýravelferð og dýraheilbrigði. Þannig er leitast við að bæta afkomu sauðfjárbænda, stuðla að bættri dýravelferð og sterkari tengingu á milli neytenda og íslenskra frumframleiðenda matvæla. „Þetta er mikilvægt skref í átt að því að auka frelsi bænda, auka verðmætasköpun og hvetja til nýsköpunar og þróunar. Sauðfjárbændur hafa lengi kallað eftir að fá tækifæri til að skoða möguleika þess að slátra heima og selja á markaði og styrkja þannig böndin milli neytenda og framleiðenda. Með þessu tilraunaverkefni erum við að svara þessu ákalli og leita leiða til að framkvæma þetta innan þess regluverks sem gildir," segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Auglýst eftir þátttakendum innan skamms

Tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins voru unnar af aðgerðahópi sauðfjárbænda um heimaslátrun í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Ráðuneytið fer með stjórn verkefnisins og mun taka saman niðurstöður við lok þess. Auglýst verður eftir þátttakendum á næstu dögum en áætlað er að sláturdagsetningar liggi fyrir í lok ágúst og að niðurstöður verkefnisins liggi fyrir í árslok 2020.

Með verkefninu er leitast við að auka möguleika bænda á að slátra heima og selja sínar afurðir. Til þess að unnt sé að markaðssetja afurðir sem slátrað hefur verið heima þarf að uppfylla ákvæði regluverks um matvælaöryggi, dýravelferð og hollustuhætti. Fyrirhugað er að bændur framkvæmi heimaslátrun sjálfir á bæjunum og opinbert eftirlit verði framkvæmt af dýralæknum á vegum Matvælastofnunar. Kjöt af gripum sem slátrað verður í tilraunaverkefninu verður ekki selt.

GRÆNJAXLINN
FJÖLMIÐLAHÓPUR ZELSÍUZ - 2020

Agnes
Alex
Elín
Guðmundur
Helga
Ívar
Jason
Katrín
Lára
Mikael
Ragna
Selma
Sif
Sæmundur

Við erum kominn aftur!

Nú er komið sumar og að gömlum vana munum við í Grænjaxlinum hafa viðveru hér í Dagskránni í sumar! Ásamt því að vera hér í prenntuðu formi erum við líka að halda úti heimasíðu, Instagrami og Facebook síðu! Fréttir, sprell og fleira. Vertu samferða okkur í sumar!

Bestu fröllur á Selfossi

Ég (Guðmundur), Mikki, Jason, Arnar og Ottó munum meta franskarnar eftir bragði, stökkleyka (crispy), saltbragðinu á frönskunum, sósum og afgreiðslu.

Hamborgarabúllan: Þeir voru með mjög góðar franskar, góða og fljóta þjónustu. Þeir voru með gott sósuúrval en franskarnar voru ekki nógu stökkar fyrir okkar smekk.

Pylsuvagninn: Þjónustan var æðisleg og franskarnar voru mjög góðar. Við fengum hraða og góða þjónustu og allt var mjög snyrtilegt. Eigandinn bauð okkur að koma aftur í næstu viku til að smakka nýjar franskar.

Olís: Franskarnar voru fínar, sósuúrvalið var gott og starfsmaðurinn sem tók á móti okkur var mjög vingjarnleg. Hún gaf okkur góðan skammt af frönskum, ásamt því að gefa okkur frían drykk með.

KFC: Franskarnar fengu góðar einkunnir nema frá einum aðila. Á KFC var mjög góð þjónusta og við fengum franskarnar mjög fljótt.

Skalli: Við fengum tvo skammta af stórum frönskum, þjónustan var mjög góð og fljót, og við fengum eina kokteilsósu hver.

Kaffi Krús: Við fengum þrjá skammta af frönskum: venjulegar, sætar og lemon franskar. Þjónustan var góð en við fengum matinn ekki eins fljótt því það var mikið að gera.

Krisp: Starfsfólkið var skemmtilegt og vingjarnlegt, franskarnar voru þær bestu sem við fengum og sósan þeirra var æðisleg.

Kebab: Valli Reynis var mjög vingjarnlegur og gaf okkur mjög góðar og stökkar franskar, ásamt því hvað við fengum hraða afgreiðslu.

Top 5 staðir fyrir fyrsta deitið

Við stelpurnar í Grænjaxlinum höfum lengi velt fyrir okkur hvar hægt væri að fara á fyrsta deit á Selfossi og nágrenni. Við komumst loks að niðurstöðu og ætlum að deila fimm stöðum með ykkur.

Hamborgarabúlla Tómasar
Búllan er frábær staður fyrir fyrsta deitið. Þar er góður stemmari og ákveðið næði sem er notalegt. Þar er eitthvað fyrir alla t.d sjeikar, samlokur, hamborgarar og margt fleira. Þar er alltaf spiluð skemmtileg tónlist sem veldur því að það er nánast aldrei vandlæg þögn sem gerir deitið þægilegra.

GK Bakarí
Í GK bakarí er auðvelt að finna mat sem manni finnst góður, t.d. er mikið vegan úrval og einnig er starfsfólkið mjög vinalegt. Það er ólíklegt að þú rekist á einhvern sem þú þekkir í bakaríinu sem minnkar líkur á þú lendir í vandræðalegum aðstæðum.

Ísbúð Huppa
Þrátt fyrir læti og þótt það sé ekki beinlínis eitthvað fyrir alla er huppa classic staður fyrir fyrsta deitið. Það er fljótlegt, einfalt og hægt er að fara með ísinn sinn hvert sem er, sem er frábært því þá getur þú fært þig í umhverfi sem þér líður vel í.

Draugasetrið
Draugasetrið á Stokkseyri er góður staður fyrir fyrsta deit. Þar er góður stemmari og mikið fjör. Það er geggjuð leið að kynnast einhverjum í adrenalín kasti.

Listasafn Árnesinga
Listasafnið er kósý, þægilegt og það er margt fallegt að sjá þar. Listasöfn eru líka frekar rómantísk sem gefur þér fullkomið tækifæri til að kynnast hinum aðilanum. Þetta er fullkominn staður til að fara á ef þér finnst óþægilegt að borða á fyrsta deiti eða langar bara að gera eitthvað rólegt og klassískt.

Spurningakeppni

Við settum fram spurningakeppni fyrir alla krakkana sem eru að vinna í vinnuskólanum í árborg 2020, með það markmið að finna út hvaða hópur er gáfaðastur í vinnuskólanum. Hver hópur svaraði sömu þrjátíu og fjórum spurningunum til að sjá hver væri gáfaðastur. Við spurðum alla tuttugu hópa vinnuskólans spurningar um tónlist, mat, íþróttir, dýr, þætti og kvikmyndir. Stig voru gefin fyrir rétt svör, samvinnu í hópunum og stemningu. Einnig voru dregin frá stig fyrir þá hópa sem blótuðu, voru ókurteisir eða með dónaskap. Flokkstjórar máttu ekki taka þátt eða hjálpa krökkunum að svara spurningunum. Það var mjög mikil munur á hversu mörgum spurningum hóparnir náðu að svara rétt og hversu mikil stemningin var innan hópanna.

Hópurinn á svæði 12 stóð uppi sem sigurvegari!

Hvernig skal halda gott partý.

1. Skemmtilegt fólk.
Skemmtilegt fólk heldur stuðinu í gangi.

2. Góða veitingar.
Til að halda gestum þínum söddum og það getur einnig verið staður til að búa til small talk.

3. Góð tónlist.
Þegar það er tónlist verður aldrei vandræðaleg þögn, tónlist getur verið umræðuefni og skapað stemningu. Gott að hafa mjög góða hátalara.

4. Engir forráðamenn.
Forráðamenn geta minnkað stuðið, gert hluti vandræðilega og hreinlega stoppað partýið.

5. Tenging.
Passa að fólk þekkist a.m.k smá annars gæti það orðið mjööög vandræðalegt. Sniðugt er að hafa spil til að hafa eitthvað að gera og krók fyrir fólk til að spjalla og kynnast.

6. Húsnæði.
Gott og flott húsnæði er nauðsynlegt fyrir gott partý. Þá mun fólk vilja vera lengur, en það þarf að passa að það sé ekki neitt brothætt og verðmætt í kring.

7. Umhverfi.
Umhverfið er frekar mikilvægt svo fólk líði vel, snagar eru sniðugir svo föt safnist ekki t.d. á gólfið. Það þarf að vera gott pláss svo fólk líði þægilega og birta getur sett mood'ið.

og húlla hringur

Fylgið okkur!

graenjaxlinn.com
@fjolmidlahopur_zelsiuz
Grænjaxlinn

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

ÝMISLEGT

Spænskumælandi
Ertu spænskumælandi? Það eru miklir örlagatímar rétt handan við hornið. Sími 483 3568.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 28. júní kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Ester Ólafsdóttir og prestur Axel Árnason Njarðvík.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 27. júní. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Kvenfélagið Eining á Hvolsvelli gleðja íbúa á Kirkjuhvoli

Kvenfélagið Eining á Hvolsvelli setti niður falleg sumarblóm við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli í gær. Kvenfélagið hefur gert þetta að árlegum viðburði hjá sér sem svo sannarlega gleður alla.

Leikskólinn Örk í skrúðgöngu

Börnin á Leikskólanum Örk á Hvolsvelli sýndu sig og sáu aðra þegar þau lögðu upp í skrúðgöngu þann 16. júní sl. Bæjarbúar og starfsfólk fyrirtækja var hvatt til að kíkja út fyrir þegar börnin gengu framhjá. Allir voru í sumarskapi þegar skrúðgangan fór fram og börnin til fyrirmyndar. Þau dönsuðu og sungu á leiðinni og heilsuðu íbúum á ferð sinni um bæinn. Þeim var að sjálfsögðu vel tekið af íbúum sem veifuðu til baka. *-gpp*

Knarrarósviti opinn fyrir almenning

Í sumar verður hægt að heimsækja Knarrarósvita og kíkja inn fyrir. Vitinn býður upp á útsýni úr 30 metra hæð yfir sjávarmáli, en hann er sjálfur 26 metrar á hæð. Þá er byggingin sjálf ákaflega falleg blanda af funkis-stíl og art nouveau. Vitinn var byggður á árunum 1930-39, eða fyrir um 80 árum. Hann var hannaður af Axel Sveinssyni verkfræðingi og vitamálastjóra eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar arkítekts og húsameistara ríkisins. Þá er hann fyrsti vitinn sem byggður var úr járnbentri steinsteypu á landinu. Vitinn dregur nafn sitt af ósnum fyrir framan vitann sem er kallaður Knarrarós. Vitinn hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna bæði innlendra og erlendra. Þá er hann vinsæll sem efniviður í ljósmyndir. *-gpp*

Sýningaropnun og ljúfir píanótónar í Húsinu á Eyrarbakka

Það er engin önnur en fröken Lunn sem er komin í heimsókn í Húsið á Eyrarbakka. Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga var opnuð í borðstofu Hússins á sunnudaginn 21. júní sl. Viðfangsefni sýningarinnar er Agnes Lunn, dönsk myndlistarkona sem setti svip sinn á smábæjarlífið á Eyrarbakka í upphafi tuttugustu aldarinnar. Hún dvaldi jafnan sumarlangt í Húsinu í boði Lefolii kaupmanns og vann gjarnan úti við að list sinni og fangaði með henni sitt uppáhaldsviðfangsefni, íslenska hestinn. Sýningarstjóri er Ásgerður Júníusdóttir.

Píanóið komið í Húsið aftur

Í kjölfar opnunar sýningarinnar tók Lýður Pálsson, safnsstjóri Byggðasafns Árnesinga á móti forláta píanói, sem á sér talsvert langa og merkilega sögu sem hófst í Húsinu. Píanóið var í Húsinu á tímabilinu 1855 til 1871. Þá fór það til hjúa sem kynntust í Húsinu og hélt sína leið sem ættargripur sem gekk mann fram af manni, allt þar til í dag að afkomendur töldu farsælast að gefa safninu þetta merkilega píanó. Það er nú komið í sitt upprunalega hús, Húsið á Eyrarbakka. Píanóið er í ágætis ástandi þó það þæði stillingu. Hljómurinn er sérstakur, en fagur. Á það var leikið fjórhent lagið *The Entertainer*, en lagið er frá aldamótunum 1900 og átti því vel við að hlusta á það meðan gestir skoðuðu sýningu fröken Lunn og gæddu sér á kaffi og kleinum. *-gpp*

Spennandi viðburður í Rangárþingi eystra

Þann 26. júní nk. munu söngvarar úr Rangárþing eystra syngja okkur inn í sumarið ásamt glæsilegri hljómsveit. Yndisleg kvöldstund fyrir fjölskylduna til að skella sér á Midgard í mat og glæsilega tónleikadagskrá í beinu framhaldi. Tónleikar hefjast kl. 20:30. Meðal söngvara sem boðað hafa komu sína eru:

Maríanna Másdóttir bæjarlistamaður Rangárþ. eystra 2019, Sæbjörg Eva Hlynsdóttir, Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Hlynur Snær Theodórsson, systurnar úr Miðtúni þær Oddný, Margrét og Freyja, Árni Þór Guðjónsson, Guðrún María Guðmundsdóttir, Herdís Rútsdóttir, Bergsveinn Teodórsson, Valborg Ólafsdóttir og Arnar Gauti Markússon.

Þriðjudagskaffi hjá Flugklúbbi Selfoss

Haraldur Diego tók loftmynd af flugvellinum síðasta þriðjudagskvöld.

Það er vinsælt að líta við hjá Flugklúbbi Selfoss á þriðjudagskvöldum yfir sumartímann. Bæjarbúar tóku margir eftir því að fjöldi flugvéla sótti klúbbinn heim síðasta þriðjudagskvöld, enda veðrið afar gott. Formaður klúbbsins er Þórir Tryggvason, en hann ræddi við blaðið um flugkvöldin vinsælu.

Þegar illa viðrar er það bara kaffibolli

Við höfum prófað það undanfarin sumur að hafa fastan viðburð á þriðjudagskvöldum á Selfossflugvelli. Það hefur mælst mjög vel fyrir hjá þeim sem eru í fluginu að geta skroppið hingað austur á degi eins og í dag, fengið kaffibolla og með því þegar vel stendur á. Þegar illa viðrar erum við bara innandyra og fáum okkur kaffi og spjöllum. Undanfarnar vikur hafa þó verið hagstæðar hvað veður varðar og vinir okkar og félagar koma í heimsókn, en stærsti hlutinn kemur fljúgandi. Í kvöld eru hér um 30 flugvélar saman komnar og fjöldi gesta. Kveikt er á grillinu og pylsur með tilheyrandi renna ofan í mannskapinn eins og þú sérð," segir Þórir.

Bæjarbúar duglegir að líta við

Klúbburinn telur um 160 félaga. Þeir standa saman að því að reka völlinn sem þykir vera til mikillar fyrirmyndar. „Flugvöllurinn þykir vera orðinn mög góður, enda höfum við í klúbbnum lagt mikla vinnu og kostnað viða að græða upp með grasi báðar flugbrautirnar. Þá reynum við eftir fremsta megni að hafa svæðið sem snyrtilegast. Á skömmum tíma höfum við svo eignast marga góða nágranna, en byggðin hefur færst nær flugvellinum. Við leggjum á það mikla áherslu að eiga í góðu samstarfi við allt það góða fólk sem þar býr. Það er svo rétt að ítreka það við bæjarbúa, sem margir eru duglegir að líta við hjá okkur, að koma endilega í heimsókn á þriðjudagskvöldum, hitta flugmenn, aðra gesti og horfa á fallegar flugvélar," segir Þórir að lokum.

-gpp

Þórir Tryggvason, formaður Flugklúbbs Selfoss.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi Sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Síðustu viku fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins og opið verður á kjördag. Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vefsíðunni www.syslumenn.is.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.syslumenn.is.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

HVAR NÁLGAST ÉG DAGSKRÁNA Á SELFOSSI?

Vegna breytinga á þjónustu hjá Póstinum er Dagskránni ekki lengur dreift ómerktri í hús á Selfossi.

Leiðir til að fá Dagskrána

1. Í blaðakössum á Selfossi
   Blaðakassarnir eru í flestum hverfum á Selfossi og auðvelt að nálgast blaðið á miðvikudagsmorgnum.
2. Í verslunum á Selfossi
   Öllum matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
3. Send heim með Póstinum
   *Hægt er að sækja um þjónustuna inni á **dfs.is/dreifing** eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | dfs@dfs.is | www.dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2553 Miðvikudagur 24. júní 2020

Geysir friðlýstur á þjóðhátíðardegi Íslendinga

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Sigríður Auður Arnardóttir ráðuneytisstjóri undirrituðu friðlýsinguna.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði friðlýsingu Geysis í Haukadal á þjóðhátíðardaginn 17. júní sl.

Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Til marks um það draga goshverir um heim allan heiti sitt af Geysi auk þess sem hverahrúður er iðulega kallað „geyserite“.

Fjölmargir hverir og laugar eru á friðlýsta svæðinu - goshverir og leirhverir sem og leirugir vatnshverir. Eru goshverirnir Geysir og Strokkur þeirra þekktastir en meðal annarra hvera má nefna Blesa, Sóða, Litla Geysi, Litla Strokk, Vigdísarhver, Háahver, Sísjóðanda og Óþerrisholu. Á svæðinu er einnig hverahrúður á stóru samfelldu svæði.

Upp af hverasvæðinu rís hið svipmikla Laugarfell (187 m) en innan marka friðlandsins er einnig að finna plöntutegundina laugadeplu sem skráð er á válista. Þá eru menningarminjar innan svæðisins, m.a. svokallaðir konungssteinar sem vitna um heimsóknir þriggja konunga danska ríkisins til Íslands.

Með undirrituninni í dag er Geysir innan marka jarðarinnar Laugar friðlýstur sem náttúruvætti. Markmið er að stuðla að varðveislu sérstæðra jarðmyndana, hvera, örvera og sérstæðs gróðurs á hverasvæðinu sem er einstæður á lands- og heimsmælikvarða. Með friðlýsingunni er stuðlað að því að svæðið nýtist til útivistar og ferðaþjónustu til framtíðar og sé í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda gesta sem sækja svæðið heim á ári hverju. Þá er einnig stuðlað að endurheimt náttúrufars á svæðinu sem raskað hefur verið og það fært til fyrra horfs eins og unnt er.

„Það er fátt meira viðeigandi en að friðlýsa Geysi og Geysissvæðið á þjóðhátíðardaginn sjálfan,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Geysir, Strokkur og svæðið í heild sinni er sennilega langþekktasta náttúruundur landsins og hefur gríðarlegt aðdráttarafl. Svæðið er líka órjúfanlegur hluti af ímynd Íslands sem lands náttúru, sögu og menningar. Þar sem Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar tel ég friðlýsingu þess vera heimsviðburð og Íslendingar mega vera stoltir af því að taka þá ákvörðun að vernda svæðið fyrir núverandi og komandi kynslóðir, allsstaðar í heiminum.“

Undirritunin fór fram á hverasvæðinu í Haukadal að viðstöddu sveitarstjórnarfólki í Bláskógabyggð, fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og fleiri gestum. Við athöfnina söng karlakór Hreppamanna og að henni lokinni var boðið til þjóðhátíðarkaffis á Hótel Geysi.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

DFS.IS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN
FAGVERK
EIGNAUMSJÓN
TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA
Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Stálsmíði
- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði
Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvegi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson · Svanhildur Eiríksdóttir · Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is